



## **Fylgiskjal 2:**

### **Nánari skilgreining á samstarfsverkefnum Grósku og Garðabæjar.**

#### **A. Jónsmessugleði.**

Samstarfssamningurinn felur í sér að Gróska heldur sína Jónsmessugleði í júní 2016-2019 í Garðabæ.

Gróska felur framkvæmdanefnd (Jónsmessunefnd) framkvæmd sýningarinnar eins og verið hefur. Nefndin og stjórn Grósku velja nefndinni formann / framkvæmdastjóra. Gróska og Garðabær bera hvort um sig ábyrgð á sínum verkþætti skv. punktum hér að neðan:

#### **Gróska:**

1. Hefur umsjón með og stjórnar framkvæmd við sýningardagskrá og uppsetningu hennar.
2. Ber kostnað af undirbúningi að dagskránni og dagskránni sjálfri að öllu leyti, nema verkhlyta Garðabæjar.
3. Gróska kostar laun fyrir vinnu listamannana, auglýsingar, kynningar, síma og netkostnað og annan útlagðan kostnað v/ undirbúnings.

#### **Garðabær:**

1. Tæknisvið bæjarins / þjónustumiðstöð sér um vinnu við að setja niður staura skv. teikningu / merkingum frá Grósku, ef með þarf, tekur þá einnig upp og flytur í geymslu, ef þeir verða notaðir.
2. Útvegar hljóðkerfi og hljóðmenn skv. nánara samkomulagi.
3. Aðkoma / merkingar – sjá um að merkja bílastæði og aðkomu að svæðinu, ruslafötur á svæðinu, fánaborgir o.fl.
4. Öryggismál. Sumarvinnuflokkur á vegum Garðabæjar fær gæsluhlutverk á meðan dagskráin stendur yfir. Jafnframt verður leitað til Hjálparseitar skáta eins og áður um gæslu.
5. Skapandi hópur sumarstarfsmanna fær það verkefni að taka þátt í dagskránni skv. samkomulagi við Grósku.
6. Auglýsir og kynrir Jónsmessudagskrána á vef Garðabæjar og í rafrænu fréttabréfi Garðabæjar.
7. Salernismál.



## **B. Listsýningar á Garðatorgi og í Gróskusalnum**

### **Gróska:**

1. Gróska sér um að setja upp og taka niður sýninguna, þ.á.m. sýningarflekana.
2. Sér um fréttatilkynningar á og í fjölmiðla og til Garðabæjar.
3. Ber kostnað af sýningarhaldinu s.s. yfirsetu, upphengingu og laun því tengd, auglýsingar, prentun sýningarsskrár og veitingar og annað það er tilheyrir sýningarhaldinu.
4. Tilkynna um sýninguna með góðum fyrirvara til húsvarðar á Garðatorgi.

### **Garðabær:**

1. Auglýsir og kynnir sýninguna á heimasíðu Garðabæjar og í rafrænu fréttabréfi Garðabæjar, ásamt því að senda út boð til nefnda og starfsmanna Garðabæjar.
2. Getur útvegað hljóðkerfi með fyrirvara t.d. fyrir opnun.

## **C. Önnur verkefni samkvæmt samkomulagi hverju sinni.**